

GJALDSKRÁ

HÉRAÐSRAFMAGNSVEITNA RÍKISINS

fyrir Árnes-, Rangárvalla-, Borgarfjarðar-, Mýra-, Skagafjarðar-,
Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur.

12

23. jan.

I. RAFORKA

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku í ofangreindum sýslum á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 50 auru hverja kwst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur kr. 7.00 á m² á ári.

Fyrir ganga, geymslur o. þ. h. — 2.00 á m² á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli þannig reiknað:
 - a. Grunnjald (mælisteiga o. fl.)

— af einfasa mælingu	kr. 4.00 á mánuði.
— af þrífasa mælingu	— 8.00 á mánuði.
 - b. Orkugjald

— af allri notkun	kr. 0.40 á kwst.
-------------------------	------------------
 - c. Fastagjald

— af hverri fastagjaldseiningu	kr. 4.00 á mánuði.
--------------------------------------	--------------------

Fastagjaldseiningar reiknast sem hér segir:

(1) Fyrir fjölskylduheimili

— ein eining fyrir hvert íbúðarherbergi.

Til íbúðarherbergja teljast öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki gangar, baðherbergi eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 m² telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi.

(2) Fyrir félagsheimili, (skóla, sjúkrahús, gistihús o. þ. h.)

— ein eining fyrir hverja 20 m² gólfflatar.

Gólfplötur mælist milli útveggja, þó að frátöldum geymslum, sem sjaldan er farið um og göngum þeim tilheyrandi.

Rafmagnsnotkun í gripahúsum og öðrum húsum, sem notuð eru við búskap, er heimilt að selja eftir þessum gjaldskrárlíð. Rafmagnsveitustjóri setur reglur um útreikning fastagjalda af slíkum húsum.

2. Raforku til suðu og hitunar má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða:

12
23. jan.

Um sérmæli á 37 aura hverja kwst., enda séu suðu- og hitunartæki fasttengd og öll önnur heimilisnotkun seld eftir A-lið.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á 85 aura hver kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 150.00 til kr. 175.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Ef uppsett rafvélaafli fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw, um kwst.mæli:
 - a. Á 40 aura hverja kwst.
 - b. Á 30 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegið og síðdegis, en eigi lengur en 1½ klst í senn.
3. Um mæla á kr. 400.00 á ári fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu og auk þess 12 aura fyrir hverja notaða kwst.
4. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notað afl, má selja þannig: Um kwst.mæli á 12 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 300.00 á ári fyrir hvert kw. samanlagðs ástimplaðs rafvélaafli. Minnsta árgjald skal þó vera sem svarar 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. í ástimpluðu rafvélaafli.
5. Sumarnotkun til súgurrkunar og hliðstæðra nota má selja eftir lið C-4 með 50% afslætti á fastagjaldinu, gegn því skilyrði, að kaupandinn skuldbindi sig til að takmarka samtímisnotkun sína með tilliti til stærðar spenna og annarra aðstæðna samkvæmt sérstökum fyrirmælum rafmagnsveitustjóra í hverju einstöku tilfelli.

Almenn skilyrði fyrir orkusölu til vélanotkunar.

Útiloka skal stóra hreyfla á tímanum kl. 10.45 til 12 f. h., og enn fremur ber að útiloka allar aðrar vélar eftir því sem unnt er, þegar spenna er lág og aðrar aðstæður gera það nauðsynlegt að dómi rafmagnsveitustjóra.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 16 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst í senn.
2. Um kwst.mæli á 8 aura hverja kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafli, línur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafmagnsveitustjóri ákveðið, að rafmagnsveiturnar leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar notandinn þá tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mælitækja.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafmagnsveitnanna, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á 85 aura hverja kwst.
2. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 12 aura hverja kwst., ef

straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 12 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 85 aura hverja kwst. frá kl. 8.30 til 22. 23. jan. 12

3. Þar sem aðstæður leyfa, að dómi rafmagnsveitustjóra, að komið verði upp útlýsingarkerfi, er heimili að selja rafmagn til útlýsingar á 55 aura hverja kwst., enda hafi uppsetning kerfisins verið kostuð af notanda og endurnýjun ljóskúlna sé einnig kostuð af honum.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, er rafmagnsveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafmagnsstjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp. | — 7.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 10.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins og reglugerð rafveitusjóðs viðkomandi sýslu

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 20 króna gjald. Gjaldið skal greitt í aðsetursstað umboðsmannsins.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Gjöld samkvæmt D-lið gjaldskrárinnar breytast með kolaverði, þannig að gjaldskrárverðið teljist svara til 400 króna útsöluverðs á kolum í Reykjavík og hækki og lækki í sama hlutfalli og útsöluverð kola þar.

Frá því, er gjaldskrá þessi kemur til framkvæmda, falla úr gildi eftirfarandi gjaldskrár:

Gjaldskrá Héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Árnes- og Rangárvallasýslur, nr. 53 1. apríl 1948, ásamt breytingu á þeirri gjaldskrá, nr. 10 20. janúar 1949.

Gjaldskrá Héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Staðaveitu í Suður-Þingeyjar-sýslu, nr. 54 1. apríl 1948.

Gjaldskrá Héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Borgarfjarðar- og Mýrasýslur, nr. 89 30. júní 1949.

12 Gjalldskrá Héraðsrafmagnsveitna ríkisins í Skagafjarðarsýslu, nr. 78 26. apríl
23. jan. 1950.

Gjalldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 23. janúar 1951.

Hermann Jónasson.

Forv. K. Þorsteinsson.

13 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóns Guðmundssonar
25 jan. og Elísabetar Engilbertsdóttur á Flateyri í Önundarfirði“, útgefin á venjulegan hátt
ad mandatum af dómsmálaráðherra 25. janúar 1951.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Guðmundssonar og Elísabetar Engilbertsdóttur
á Flateyri í Önundarfirði.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af sonum nefndra hjóna, Guðjóni E. Jónssyni, Ísafirði, og Guðmundi M. Jónssyni, Flateyri, á aldarfæðingarárstíð Jóns Guðmundssonar, sem er 14. ágúst 1950. Stofnfé sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur í bankavaxtabréfum veðdeildar Landsbanka Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn vex af vöxtum stofnfjárins og minningargjöfum eða öðrum gjöfum, sem honum kunna að berast.

3. gr.

Fé sjóðsins skal jafnan geymt í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands eða öðrum veðvaxtabréfum jafntryggum. Þó skulu smáupphæðir, sem kunna að vera umfram vaxtabréfafúlgju sjóðsins á hverjum tíma, geymast í Sparisjóði Önfirðinga.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun og námsstyrki stúlkum eða piltum úr barnaskóla á Flateyri, eftir ákvörðunum sjóðstjórnar. Til styrkveitinga má verja allt að $\frac{3}{4}$ hlutum af ársvöxtum sjóðsins, en $\frac{1}{4}$ hluti vaxtanna skal lagður við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn 25000 krónur. Úr því má verja $\frac{1}{10}$ hlutum af vöxtum hans til styrkveitinga, en $\frac{9}{10}$ hluti leggist jafnan við höfuðstólinn.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: skólastjóri barnaskóla Flateyrar, og er hann formaður, oddviti hreppsnefndar Flateyrarhrepps og einhver ættingi greindra hjóna, en ef hann getur ekki tekið sæti í stjórn sjóðsins, þá skipar hreppsnefnd Flateyrarhrepps mann í hans stað.